



Fundargerð

Fundur í stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar.
Fimmtudaginn 29. apríl 2021, kl. 15.00.

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt Embla Dögg B. Jóhannsdóttir formaður og Karl Kristjánsson. Árný Huld Haraldsdóttir boðaði forföll. Einnig sátu fundinn Steinunn Helga Agnarsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið, sérstaklega bauð hún Steinunni velkomna til starfa í Barmahlíð. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Framtíðarsýn Barmahlíðar, Hjúkrunar-, dvalar- og dagrými.

Farið var yfir nýtingu á húsnæði Barmahlíðar. Rætt var um rýmin og framtíðarsýn varðandi þau, möguleikann á því að ná inn dagrými fyrir heimilið. Rætt var um sjúkrabjálfun fyrir heimilið.

2. Staða Barmahlíðar.

Mönnun var fín í vetur. Nýting hefur verið fín. Félagsþjónustan hefur farið af stað með félagsstarf innan Barmahlíðar. Góður andi ríkir innan stofnunarinnar.

Önnur má (ef einhver): Löglega upp borin.

3. Ársreikningur Barmahlíðar 2020.
Lagður er fram ársreikningur Barmahlíðar fyrir árið 2020.

Rekstrafkoma Barmahlíðar á árinu var neikvæð um 5,7 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Barmahlíðar í árslok 106,9 millj. kr. og heildarskuldir voru 64 millj. kr. Eigið fé í lok ársins var 42,9 millj. kr.

Stjórn Barmahlíðar staðfestir ársreikning 2020 með áritun sinni. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.30
